

REGLUGERÐ

um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

1.gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

- 1.1 Öll skip, sem eru skoðunarskyld samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, skulu hafa sérstaklega innréttaðan sjúkrakassa eða lyfjaskáp, til að rúma þann búnað, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Kassinn eða skápurinn nefnist hér eftir *lyfjakista*.
- 1.2 Með fiskiskipi sem vinnur afla um borð er átt við skip, sem hefur aðstöðu um borð, til að vinna sjávarafla svo sem með frystingu eða söltun í söluumbúðir.
- 1.3 Innihald lyfjakistunnar eru lyf, sötthreinsandi efni, sáraumbúðir, hjúkrunarvörur og áhöld.
- 1.4 Lyf, sem í þessari reglugerð eru nefnd ávana- og fíknilyf, eru þau lyf og lyfjasamsetningar, sem tilgreind eru í fylgiskjali I með reglugerð nr. 16, 7. janúar 1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

2. gr.

Stærð og gerð lyfjakistu eftir farsviði, stærð og tegund skips.

- 2.1 Lyfjakistur eru af 4 mismunandi stærðum, auðkenndar með tölunum 1, 2, 3 og 4. Skyld er að hafa eina af þeim um borð í skipum samkvæmt eftirfarandi:
 - 2.1.1 Fiskiskip frá 10 m og að 130 brl, farþegaskip lengri en 10 m í áætlunarsiglingum innanlands og vöruflutningaskip í innanlands-siglingum, lyfjakistu nr. 1
 - 2.1.2 Fiskiskip 130 brl og stærri sem ekki falla undir gr. 2.1.3. og vöruflutningaskip í reglubundnum Evrópusiglingum með samantlagðan fjölda í áhöfn og farþega færri en 15 menn, lyfjakistu nr. 2
 - 2.1.3 Fiskiskip sem vinna afla um borð og hafa fleiri í áhöfn en 15, vöruflutningaskip í millilandasiglingum sem ekki falla undir 2.1.2. og varðskip, lyfjakistu nr. 3
 - 2.1.4 Björgunarför, lyfjakistu nr. 4
- 2.2 Skip styttri en 10 m skulu hafa sjúkrakassa samkvæmt viðauka C.
- 2.3 Önnur skip, sem falla ekki undir ofangreinda skiptingu, skulu hafa lyfjakistu af þeirri stærð sem siglingamálastjóri ákveður í samráði við landlækni.
- 2.4 Vöruflutningaskip í reglubundnum Evrópusiglingum skulu auk lyfjakistu nr. 2, hafa: Penicillín, Adrenalín, Diazepam og Fúrósemið samkvæmt lyfjakistu nr. 3.
- 2.5 Skip með lyfjakistu nr. 2 og 3, skulu hafa skyndihjálparbúnað skv. viðauka C í brú og ef rétt þykir á öðrum hentugum stað, t.d. nálægt vinnsludekki.
- 2.6 Auk búnaðar í ofangreindum lyfjakistum skulu skip, sem flytja hættuleg efni eða samþjappaðar lofttegundir, hafa meðferðis viðeigandi hlífðarbúnað, lyf og hjúkrunarvörur eins og fyrir er mælt í alþjóðlegum leiðbeiningum um flutning á hættulegum varningi með skipum. Sama gildir um skip, sem notuð eru við köfunarvinnu og hafa afþrýstibúnað, sbr. reglugerð um afþrýstihylki.
- 2.7 Búnaður í lyfjakistum og sjúkrakassa er lágmarksbúnaður. Ekki má þó auka magn ávana- og fíknilyfja í þeim.
- 2.8 Í hverju skipi 12 m og lengri skal vera tæki (öndunarbelgur) af viðurkenndri gerð til lífgunar úr dauðadái. Tækinu skulu fylgja notkunarleiðbeiningar á íslensku.

- 2.9 Í fiskiskipum sem vinna afla um borð, vöruflutningaskipum í millilandasiglingum og öðrum skipum 500 brl og stærri, skal vera súrefni til lífgunar, ásamt nauðsynlegum búnaði til súrefnisgjafar og sogtæki. Ennfremur sjúkrabörur af viðurkenndri gerð. Leiðbeiningar á íslensku um uppsetningu, notkun og meðferð þessa búnaðar skulu fylgja með.

3.gr.

Umbúðir og merkingar.

- 3.1 Lyf skulu vera í viðurkenndum umbúðum, helst einskammta- eða þynnupakkningum. Merking lyfja skal vera í samræmi við reglugerð þessa og reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.
- 3.2 Í lyfjaskrá er að finna ýmsar upplýsingar um notkun og meðferð lyfja. Á umbúðum lyfja skal standa, “Sjá lyfjaskrá“. Ætíð skal leita upplýsinga í lyfjaskrá um hvert lyf áður en lyfjagjöf er hafin.
- 3.3 Á umbúðum lyfja, sem aðeins má nota í samráði við lækni, skal standa: “MÁ AÐEINS NOTA Í SAMRÁÐI VIÐ LÆKNI“.
- 3.4 Ávana- og fíknilyf skal merkja “ATH“.
- 3.5 Á hverja lyfjapakkningu skal setja númer þess flokks, sem lyfið tilheyrir samkvæmt lyfjaskrá.
- 3.6 Á sæfðan eða sótthreinsaðan búnað skal setja fyrningardagsetningu.
- 3.7 Áhöld úr málmi skulu vera úr ryðfríu stáli, eða öðru efni, sem ekki tærist auðveldlega. Hvert áhald skal vera merkt bæði íslensku og alþjóðlegu heiti þess. Áhöld, sem nota má oftár en einu sinni, skal sótthreinsa og/eða sæfa einu sinni á ári.
- 3.8 Súrefni til lífgunar, ásamt nauðsynlegum búnaði til að gefa súrefni skal vera í sér tösku eða kassa, sem auðvelt er að flytja til. Þessi búnaður skal vera tilbúinn til notkunar án fyrirvara. Við árlegt eftirlit lyfjakistunnar skal athuga sérstaklega hvort búnaður þessi sé í lagi.

4. gr.

Geymsluskilyrði, innréttingar og staðsetning.

- 4.1 Innréttingar lyfjakistu nr. 1, 2 og 3 skulu vera samþykktar af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 4.2 Búnaður lyfjakista nr. 1-3 skal vera í læstum skáp eða skúffum. Lyfjakisturnar skal varðveita á þurrum og rúmgóðum stað, þar sem hitinn er á bilinu +15 - +25°C og rakastig á bilinu 40-60%.
- 4.3 Varsla lyfjakistanna skal vera í höndum skipstjóra eða staðgengils hans. Sé ekki lögskráð á skipið skal eigandi skipsins bera ábyrgð á vörslu lyfjakistunnar.
- 4.4 Innréttingar lyfjakista nr. 1-3 skulu vera úr varanlegu efni, sem auðvelt er að þrífa. Þær skulu vera rúmgóðar og ljósar að lit.
- 4.5 Lýsing við lyfjakistur nr. 2 og 3 skal tryggja að minnsta kosti 400 lux birtu næst þeim.
- 4.6 Skip með lyfjakistur nr. 2 og 3, skulu hafa kæli þar sem unnt er að halda hitastiginu milli +2°C og +15°C, til að auka geymsluþol lyfjanna. Í lyfjakistunni skulu vera skýrar upplýsingar um hvar kælirinn er og hvaða lyf eru geymd í honum.
- 4.7 Lyfjakistu nr. 4 skal geyma í innsigliðum vatns- og loftþéttum umbúðum, sem greinilega eru merktar “LYFJAKISTA NR.4“. Skulu þær áletraðar þeirri dagsetningu, er eftirlit með þeim fór síðast fram í íslenskri lyfjabúð, og þeirri dagsetningu, sem næsta eftirlit skal fara fram.
- 4.8 Heimilt er að krefjast þess, séu aðstæður þannig, að lyfjakistan sé vatnsvarin eða allt innihald hennar sérstaklega.
- 4.9 Ávana- og fíknilyf skal geyma í læstu hólfi.
- 4.10 Sjúkrakassar, sem hafa búnað samkvæmt viðauka C, skulu vera ólæstir. Skipstjóri eða staðgengill hans skal hafa eftirlit með þeim.

5. gr.

Aðgengi.

- 5.1 Til að tryggja sem best aðgengi að búnaði lyfjakista nr. 1-3, er nauðsynlegt að raða honum á skipulegan hátt. Í því sambandi skal bent á, a) að hafa lyfin sér, flokkuð eftir notkunarviði, en uppfylla jafnframt kröfur um geymsluskilyrði, b) að geyma sterk sótthreinsiefni og skordýraeitur vel aðgreind frá lyfjunum, c) að raða umbúðum og hjúkrunargögnum þannig, að það sé haft saman, sem eðlilegt er að nota samtímis, d) að hafa áhöld sér.
- 5.2 Búnaðinum skal raða í skúffur og hillur, sem hægt er að hólfa niður að vild og unnt er að draga út.
- 5.3 Skúffur og hillur skulu vera númeraðar 1, 2, 3, o.s.frv. Setja skal upp aðgengilegan lista yfir innihald hverrar skúffu og hillu.
- 5.4 Í eldri skipum, þar sem ákvæðum liða 5.1, 5.2 og 5.3 verður ekki við komið, er heimilt að krefjast þess að allt innihald lyfjakistunnar sé geymt í öskjum viðurkenndum af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 5.5 Sumt af samsettum búnaði er óhjákvæmilegt að geyma utan lyfjakistunnar. Upplýsingar um geymslustað skulu þá vera aðgengilegar í lyfjakistunni.
- 5.6 Lyfjakistan skal ætíð vera snyrtileg og hrein.

6. gr.

Aðföng.

- 6.1 Lyfjabúðir skulu afgreiða lyfin í þeim pakkningastærðum, sem tilgreindar eru í viðauka A, eða sem næst þeim. Leitast skal við að velja þær lyfjapakningar, sem eiga mest eftir af líftíma sínum og að lyfin séu í einskammtaformi eða þynnupökkuð.
- 6.2 Lyfjabúðum er hverju sinni skylt að gera vörureikning um sölu lyfja til skipa í þríriti. Tvö eintök skulu fylgja lyfjunum, og skal annað þeirra geymt í handbók lyfjakistu skipa. Þriðja eintakið skal varðveita í 2 ár í viðkomandi lyfjabúð.
- 6.3 Nú er verulegt magn lyfja og annars búnaðar notað, meðan á sjóferð stendur, skal þá búnaður lyfjakistunnar endurnýjaður við fyrsta tækifæri. Skipstjóri viðkomandi skips skal panta viðbót frá lyfjabúð og nota til þess stöðluð eyðublöð í tvíriti, þar sem frumritið fer til lyfjabúðarinnar. Lyf, sem keypt eru erlendis, skal skrá í dagbók lyfjakistunnar og skipsdagbók. Skal þar koma fram, hvaða lyf voru keypt og í hve miklu magni.
- 6.4 Þjónustuaðilar, sem samkvæmt sérstöku starfsleyfi frá Siglingamálastofnun ríkisins, hafa eftirlit með gúmmíbjörgunarbátum, skulu fá lyfjakistu nr. 4 frá íslenskri lyfjabúð.

7. gr.

Notkun og bókhald.

- 7.1 Skipstjóra eða staðgengli hans er skylt að færa í dagbók lyfjakistunnar öll aðföng og alla notkun á búnaði lyfjakistunnar.
- 7.2 Við færslu aðfanga í dagbók lyfjakistunnar skal koma fram hvaða vörur voru keyptar, í hve miklu magni og hvaðan og hvenær aðföngin áttu sér stað. Nóg getur verið að vísa til vörureikninga frá lyfjabúð enda sé reikningurinn geymdur í handbók viðkomandi lyfjakistu.
- 7.3 Við færslu á notkun í dagbók lyfjakistunnar skal koma fram vöruheiti og magn. Einnig skal geta tilefnis notkunarinnar, nafns, stöðu og aldurs sjúklings eða neytanda. Ennfremur meðferðar og árangurs hennar. Færslan skal dagsett og staðfest með undirskrift skipstjóra eða staðgengils hans. Séu lyf gefin samkvæmt læknisráði, skal tilgreina nafn þess læknis, sem í hlut á.

- 7.4 Dagbók lyfjakistunnar skal geyma í handbók viðkomandi lyfjakistu. Þegar dagbókin er að fullu útfyllt skal skila henni til Siglingamálastofnunar ríkisins þar sem önnur ný dagbók fæst afhent í skiptum fyrir hana.
- 7.5 Skipstjóra eða staðgengli hans er einum heimilt að afhenda lyf úr lyfjakistum. Afhendingin má aðeins vera til einstaklinga, sem skráðir eru á skip, hvort sem þeir eru farþegar eða í áhöfn. Ennfremur til fólks sem er bjargað úr lífsháska.
- 7.6 Sé lyfjanna ekki neytt í auglýsing þess er afhendir þau úr lyfjakistu, skal setja lyfin í viðeigandi umbúðir, með upplýsingum um heiti og magn lyfs ásamt fyrirmælum um notkun, séu þessar upplýsingar ekki þegar fyrir hendi.
- 7.7 Stungulyf má einungis nota í auglýsing skipstjóra eða staðgengils hans.
- 7.8 Aðföng og notkun ávana- og fíknilyfja, merkt "ATH", skal skrá samviskusamlega í sérkafla í dagbók lyfjakistunnar. Skrá skal nafn sjúklings, hver gaf lyfið, hvers vegna og, ef við á nafn þess læknis sem ráðlagði notkun lyfsins.
- 7.9 Upplýsingar í dagbók og á eyðublöðum vegna sjúkdómsgreiningar eru trúnaðarmál.

8. gr.

Eftirlit.

- 8.1 Eftirlit með lyfjakistum skipa skal fara fram á 12 mánaða fresti (árlega) og oftast ef þörf krefur. Skal eftirlitið varða búnað, aðgengi og umgengni lyfjakistunnar. Eftirlit með lyfjakistu nr.4, skal fara fram annað hvort ár. Eftirlitið skal framkvæmt af lyfjafræðingi frá íslenskri lyfjabúð að beiðni skipstjóra. Við eftirlitið skal þess gætt að ekkert vanti í búnað lyfjakistunnar og ennfremur skal tryggt að sá hluti búnaðarins, sem ekki telst vera í lagi, sé endurnýjaður. Ónýtar og úrsérgengnar vörur skal fjarlægja og farga örugglega. Aðföng og notkun ávana- og fíknilyfja skulu borin saman við birgðir. Að eftirliti loknu skal lyfjafræðingur lyfjabúðarinnar votta í dagbók lyfjakistunnar, að lyfjakistan sé fullbúin samkvæmt þessari reglugerð.
- 8.2 Lyfjabúð er skylt að tilkynna til Siglingamálastofnunar ríkisins ef ákvæði um umgengni og notkun lyfjakistu er ábótavant.
- 8.3 Þegar skip er í langferðum og kemur ekki í höfn á Íslandi innan árs frá því eftirlit fór síðast fram er skipstjóra skylt að framkvæma eftirlit með lyfjakistu skips síns. Lyfjafræðingur frá íslenskri lyfjabúð skoðar lyfjakistuna um leið og viðkomandi skip kemur í íslenska höfn eftir þetta.
- 8.4 Verði lyfjakistan og búnaður hennar fyrir skemmdum, t.d. við innbrot, skal skipstjóri strax láta fara fram skoðun á lyfjakistunni.
- 8.5 Þegar fulltrúi Siglingamálastofnunar ríkisins framkvæmir hina árlegu búnaðarskoðun skipsins, skal dagbók lyfjakistunnar lögð fram.
- 8.6 Siglingamálastjóri eða fulltrúar hans geta krafist skipstjóra um vörureikninga yfir keypt lyf.

9. gr.

Bækur o.fl.

- 9.1 Í lyfjakistu hvers skips skal vera eintak af handbók lyfjakistu skipa en í henni er:
 1. Eintak af þessari reglugerð.
 2. Dagbók lyfjakistu skips.
 3. Lyfjaskrá sem gefin er út af Siglingamálastofnun ríkisins í tengslum við þessa reglugerð.

Einnig skal vera í lyfjakistunni eftirfarandi:

1. Tölusett eyðublöð í tvíriti fyrir pantanir, sbr. gr. 6.3.
2. Eyðublöð til notkunar við sjúkdómsgreiningu áður en leitað er aðstoðar læknis í gegnum fjarskipti (Radio Medical).
3. Eintak af lækningabók, sem siglingamálastjóri hefur samþykkt.
- 9.2 Í lyfjakistu nr. 4 skal vera stuttur leiðarvísir um skyndihjálp.
- 9.3 Skip, sem sigla til annarra landa, skulu hafa nýjustu útgáfu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) af "Personal Booklet".
- 9.4 Vöruflutningaskip, sem flytja hættulegan varning, skulu hafa um borð eitt eintak af hverju eftirtalinna rita Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO):
 - a) International Maritime Dangerous Goods Code (IMDG Code).
 - b) Emergency Procedures for Ships Carrying Dangerous Goods (EMS).
 - c) Medical First Aid Guide for Use in Accidents Involving Dangerous Goods (MFAG).

10. gr.

Undanþágur.

- 10.1 Siglingamálastjóri getur að fengnu samþykki landlæknis og/eða Lyfjaeftirlits ríkisins eftir því sem við á, veitt undanþágur frá ákvæðum þeim, sem hér greinir.

11. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar.

- 11.1 Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 51, 30. mars 1987.

12. gr.

Gildistaka.

- 12.1 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51, 30. mars 1987, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.
Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 302, 3. maí 1983, sbr. nr. 115/1985.

Samgönguráðuneytið, 29. mars 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Viðauki A

INNIHALD HVERRAR LYFJAKISTU

1. LYF OG ÖNNUR EFNI:

- 1.1. LYF: (Við afgreiðslu eftirfarandi lyfja frá lyfjabúð, skal leitast við, að afgreiða þau í þynnu- og einskammtapakningum, sem næst tilgreindum pakkningarstærðum. Sé um val milli lyfjasamheita að ræða, skal velja það lyfið, sem er ódýrast og hefur lengstan líftíma. (sjá 6. grein reglugerðarinnar)).

Nr.	Nafn lyfs	Flokkur, sbr. lyfjaskrá (reglugr. 9.1)	Pakkninga- stærð	Nr. lyfjakistu		
				1	2	3
07.10	Adrenalín, stungulyf	07	10x1 ml	0	0	1
03.10	Asetýlsalisýlsýra, sýruhjúptöflur	03	50 stk	0	1	4
02.10	Díazepam, stungulyf	02	10x2 ml	0	0	1
01.10	Doxycýklín, hylki/töflur	01	10 stk	0	0	2
06.10	Fúrósemíð, stungulyf	06	5x2 ml	0	0	1
12.10	Gyllinæðasmyrli	12	10 g	0	1	2
12.20	Gyllinæðastílar	12	6 stk	0	1	4
11.10	Hexisíð, hársápa	11	100 ml	0	0	2
11.20	Hýdrókortisón, smyrli	11	20 g	0	1	2
08.10	Klóramfenikól, augnsmyrli	08	4 g	0	1	1
02.20	Klórdíazepoxíð, töflur	02	30 stk	0	1	1
10.10	Klórhexidín, áburður	10	250 ml	0	1	1
14.10	Klórókín, töflur	14	100 stk	0	0	5 ¹
02.30	Klóprómazín, stungulyf	02	10x2 ml	0	1	1
04.10	Klysma	04	4x5 ml	0	1	0
04.11	Klysma	04	12x5 ml	0	0	2
03.20	Kódímagnyl, töflur	03	20 stk	2	5	15
09.10	Koffínátín, töflur	09	10 stk	3	6	12
04.20	Kol, töflur	04	100 stk	0	1	2
12.30	Lídókain, hlaup	12	20 ml	0	0	2
12.40	Lídókain, stungulyf	12	20 ml	0	1	2
11.30	Malathíon, áburður	11	55 ml	0	0	2
13.10	Methylegometrin, töflur	13	30 stk	0	0	1
06.20	Nítróglycerín, töflur	06	30 stk	1	1	2
05.10	Oxýmetazólin, nefdropar	05	20x0,1 ml	1	2	4
03.30	Parasetamól, töflur	03	20 stk	1	2	2
03.31	Parasetamól, töflur	03	50 stk	0	0	4
01.20	Penicillín,	01	5x1 g og 5x10 ml	0	0	1
01.25	Penicillín, töflur	01	18 stk	0	5	20
03.40	Petidín, stungulyf	03	10x1 ml	0	1	1
01.30	Pivampicillín, töflur	01	12 stk	0	0	2
08.20	Proxýmetakain, augndropar	08	15 ml	0	1	2
01.35	Próbenesíð, töflur	01	20 stk	0	0	2
02.40	Prómetasín, stungulyf	02	10x2 ml	0	1	1
15.10	Salttöflur (samsettar)	15	100 stk	0	5 ²	5 ²
07.20	Saltvatn, innrennslislausn	07	1000 ml	0	2	3
10.20	Saltvatn, skolvökvi	10	160 ml	1	2	4
10.30	Sáraþurrkur	10	100 stk	1	1	2
01.40	Súlfatöflur	01	20 stk	0	2	5
07.30	Súrefni til lífgunar	07	2-5 kg	sjá súrefnis- gjafartæki		
10.40	Súrvatn, lausn	10	100 ml	1	1	4
04.30	Sýrubindandi mixtúra	04	50x10 ml	0	1	2
15.20	Sæft vatn	15	5x10ml	0	1	1
10.50	Tópisín, smyrli	10	5 g	1	2	4
11.40	Vaselín, sæft	11	20 g	1	2	5

1.2. PRÓFEFNI, SÓTTTHREINSIEFNI OG SKORDÝRAEITUR:

16.10	Hema-Combistix	16	50 stk	0	0	1
16.20	Klóramín, duft	16	10x50 g	0	1	1
16.30	Skordýraeitur, úði	16	300 - 500	0	0	2 ³

1) Á aðeins við um skip sem sigla um hitabeltissvæði.

2) Á aðeins við um skip sem sigla til heitra hafsvæða.

3) Á aðeins við um vöruflutningaskip.

2. UMBÚÐIR, HJÚKRUNARGÖGN OG ÁHÖLD.

2.1. UMBÚÐIR OG HJÚKRUNARVÖRUR.

Nr.	Nafn	Pakkinga- stærð	Nr. lyfjakistu		
			1	2	3
200	Augnbaðglas, einnota Eye bath cup, disposable	1 stk	2	5	5
202	Augnleppur úr satini Eye shade, textile	1 stk	0	1	1
204	Augnpúðar, sæfðir Eye pads, sterile, disposable	5 stk	0	1	1
206	Áspelkur fyrir fingur/tær 2,5 cm x 50 cm Splints of aluminium	1 stk	0	1	2
208	Bómmull, þerrin, sæfð 10-20 g Absorbent cottonwool, sterile	1 stk	2	5	15
210	Bómmullarpinnar Cotton wool swabs	50 stk	1	1	2
212	Bómmullarrúllur, 10 cm breiðar Cotton wool roll	5 rúllur	0	1	2
214.1	Crepe-bindi 6 cm	1 stk	2	4	10
214.2	Crepe-bindi 10 cm Crepe bandage	1 stk	2	4	10
216	Dýnuhlífar Sheets, foil-bucket	1 stk	0	2	3
218	Fetill Triangular arm sling	1 stk	2	3	6
220	Fðrildisplástur, til lokunar á skurðum Suture tape	5 stk	1	2	5
222	Fingurhlífar úr skinni (skinnneglur) Fingerstalls, leather	1 stk	1	2	5
224	Flónelsbindi 5m x 7 cm Flannel bandage	1 stk	0	2	2
226.1	Gaskompressur, sæfðar (10x10cm)	5 stk	2	4	8
226.2	Gaskompressur, sæfðar (10x20cm) Gauze compresses, sterile	5 stk	1	2	4
228	Gatastykki (44 x 44) cm gat 3-4 cm í þvermál Clinical dressing with hole, disposable	1 stk	0	5	10
230.1	Grisjubindi, teygjanleg 6cmx3,5m	1 stk	1	5	15
230.2	Grisjubindi, teygjanleg 8cmx3,5m	1 stk	1	5	15
230.3	Grisjubindi, teygjanleg 10cmx3,5m Gauze bandage, conforming	1 stk	1	5	15
232.1	Gúmmihanskar, ósæfðir, einnota S	20 stk	0	1	1
232.2	Gúmmihanskar, ósæfðir, M	20 stk	1	1	1
232.3	Gúmmihanskar, ósæfðir, L Gloves, disposable, nonsterile	20 stk	0	1	1
234.1	Gúmmihanskar, sæfðir, Nr. 6 1/2	1 par	1	2	5
234.2	Gúmmihanskar, sæfðir, Nr. 8 Surgical gloves, disposable, sterile	1 par	1	3	6
236	Innrenslissett með sjálfvirku loftinnstreymi, einnota I.V. administration set, disposable	1 stk	0	2	4
238.1	Kokrenna Nr. 1	1 stk	0	1 ⁴	1
238.2	Kokrenna Nr. 3 Guedel airway	1 stk	0	1 ⁴	1
240	Lásnælur, ryðfríar, nr. 4 Safety-pins, nickel-plated or stainless steel	10 stk	1	1	2
242	Lyfjastaup úr plasti, einnota 30ml Graduated dose measuring cup, plastic, disposable	10 stk	0	1	2
244	Merkimiðar, auðir límimiðar Self-adhesive labels	10 stk	0	1	2
246	Naglabursti með sótthreinsandi sápu, einnota Nail brush with antiseptic soap, disposable	1 stk	0	2	4

Nr.	Nafn	Pakkninga- stærð	Nr. lyfjakistu		
			1	2	3
248	Nýrnabakki, plast, einnota Kidney disc, plastic, disposable	5 stk	0	1	2
252	Plastpokar m/rennilás undir lyf Plastic bags, closeable.	5 stk	0	1	2
254.1	Plastsprauta, einnota 2 ml	1 stk	0	5	10
254.2	Plastsprauta, einnota 5 ml	1 stk	0	10	20
254.3	Plastsprauta, einnota 10 ml	1 stk	0	3	5
254.4	Plastsprauta, einnota 50 ml Plastic syringes, disposable (Luer-Lock)	1 stk	0	2	3
256.1	Plástur, heftiplástur, 5mx2,5cm	1 stk	1	2	3
256.2	Plástur, heftiplástur, 5mx5cm Adhesive plaster, elastic	1 stk	0	1	2
258	Plástur, "bréf" plástur 5m x 2,5cm Surgical tape	1 stk	0	1	1
260.1	Plástur, skyndiplástur 1mx4cm	1 stk	0	3	6
260.2	Plástur, skyndiplástur 1mx6cm First-Aid plaster	1 stk	1	3	6
262	Plástur, skyndiplástur niðurkl. First aid plaster, ass.	ca 25 stk	2	3	6
264	Plástur fyrir æðaleggi Plaster for I.V. canucules	1 stk	0	5	10
266.1	Pungbindi Medium	1 stk	0	1	1
266.2	Pungbindi Large Suspensory bandage	1 stk	0	1	1
268	Rakvélar, einnota Razors, disposable	5 stk	0	1	1
270	Saumatökusett, einnota Suture removal kit, disposable	1 sett	0	2	3
272.1	Saumgirmi, t.d. Ethilon® W320 3/0		0	5	5
272.2	Saumgirmi, t.d. Ethilon® W319 4/0		0	5	5
272.3	Saumgirmi, t.d. Ethilon® W506 6/0 Sature filament with needle, sterile		0	5	5
274.1	Sáraböggull, sæfður Nr. 14	1 stk	2	5	15
274.2	Sáraböggull, sæfður Nr. 15 Standard first-aid dressing	1 stk	2	5	15
276	Skurðhnífur, einnota Nr. 11 Scalpel, disposable		0	2	2
278	Skurðhnífur, einnota Nr. 15 Scalpel, disposable		0	2	2
280	Slöngugrisja, t.d. Tubegaze® nr.01 Tubular gauze dressing for fingers, toes, with applicator	20 m	1	1	3
282	Slöngugrisja, t.d. Tubegazer nr. 56-78 Tubular gauze dressing for legs, head, with applicator	20 m	0	1	1
284	Smokkar Condoms	3 stk	5	15	30
286	Sogendar, sæfðir Suction catheters	1 stk	0	2 ⁺	2
288.1	Sprautunálar, einnota 19 G	1 stk	0	10	20
288.2	Sprautunálar, einnota 21 G Injection needles, disposable (Luer-Lock)	1 stk	0	20	40
290	Súrefnismaski 35%, einnota 35% Oxygen disposable mask	1 stk	0	2 ⁺	2
292	Pvagleggur, einnota, 16 F Urine catheter, disposable, with Tieman tip	1 stk	0	1	1
294	Pvagpoki með aftöppunarkrana, einnota, 4A Urine bag, disposable	1 stk	0	1	1
296	Æðaleggur, einnota, 18 G Intravenous cannules, disposable	1 stk	0	5	10

2.2. ÁHÖLD

Nr.	Nafn	Pakkninga- stærð	Nr. lyfjakistu ¹		
			1	2	3
400	Augnskolfaska úr plasti ca 500 ml Eye-douche bottle in plastic	1 stk	0	0	1
402	Blóðþrýstingsmælir Sphygmomanometer	1 stk	0	1	1
404	Flísatöng, Stieglitz, 13cm Splinter forceps	1 stk	1	1	2
406	Hitapoki úr gúmmí, með áklæði 1-2 L Hot water bottle, rubber with cover	1 stk	0	1	2
408	Hlustunarpípa Stethoscope	1 stk	0	1	1
410	Köktöng (Magill) ca. 25 cm Tongue forceps	1 stk	0	1	1
412	Líkpoki Body bag		0	0	1
414	Naglaskafa úr málm ca. 8 cm Nail cleaner	1 stk	0	2	2
416	Nálhaldari, sæfður, ca. 15 cm Needle holder, sterile	1 stk	0	1	2
418	Sáratöng, anatomísk, sæfð ca. 13 cm Non-toothed forceps, sterile	1 stk	0	1	2
420	Sjúkrabörur (6) Stretcher	1 stk	0	1 ⁴	1
422	Skábekken Triangular pan	1 stk	0	1	1
424	Skæri ydd/ydd, bein, sæfð ca. 13 cm Scissors, surgical(Iris), sterile	1 stk	0	1	2
426	Skæri, bein, sljó/ydd, 13 cm Scissors, surgical, straight, pointed/blunt	1 stk	1	2	2
427	Sogtæki viðurkennt,(6) Suction equipment (manual pump)	1 sett	0	1 ⁴	1
428	Sóttthitamælir með plastslíður í plasthulstri t.d. Tempacept® Clinical thermometer, rectal	1 stk + 10 auka- plastsli.	1	2	2
430	Spelkur, vírnetspelkur klæddar svampi og slöngugrisju ca. 1 m x 10 cm Splints of Kramers coated with sponge and tubular gauze dressing	1 stk	0	1	2
432	Stasi Tourniquet	1 stk	0	1	2
434	Stútkanna ca. 250 ml Feeding cup	1 stk	0	1	1
435	Súrefnisgjafartæki,(6) Oxygen resuscitator kit	1 sett	0	1 ⁴	1
436	Umbúðarskæri (Lister eða sambærileg) 15-20 cm Scissors, Lister e.l.	1 stk	0	1	1
438	Vasaljós, vatnshelt Torch, waterproof	1 stk	1	1	1
440	Þvagflaska fyrir karla, plast Urine bottle, male, plastic	1 stk	0	1	1
442	Æðatöng, bogin, sæfð ca. 13 cm Haemostatic forceps, curved, sterile	1 stk	0	2	4
444	Öndunarbelgur með tengi fyrir súrefnisgjöf Resuscitator with oxygen coupling	1 stk	1	1 ⁵	0

4) Sjá 2. gr. reglugerðarinnar.

5) Í skipi sem ekki er skylt að hafa súrefnisgjafartæki skv. 2. gr. reglugerðarinnar.

6) Viðurkennt af Siglingamálastofnun ríkisins.

3. SAMSETTUR BÚNAÐUR.

Fyrirmæli um þökkun á lyfjum og hjúkrunarvörum úr viðaukum A.1.1, A.1.2, A.2.1 og A.2.2.

Nafn	Magn	Nr. lyfjakistu
		1 2 3
Saumabúnaður:	1 sett	0 1 2
Surgical kit:		
Gaskompressur, sæfðar	(nr.226.1)	5 stk
Gatastykki, sæft	(nr.228)	1 stk
Gúmmihanskar, sæfðir Nr. 8	(nr.234.2)	1 par
Lídókaín, stungulyf 1%	(nr.12.40)	20 ml
Naglabursti	(nr.244)	1 stk
Nálalaldari, sæfður	(nr.416)	1 stk
Nýrnabakki, plast	(nr.248)	2 stk
Plastsprauta, 2 ml	(nr.254.1)	2 stk
Saltvatn, skolvökvi, 160 ml	(nr.10.20)	1 stk
Saumagirni 3/0	(nr.272.1)	1 stk
Saumagirni 4/0	(nr.272.2)	1 stk
Saumagirni 6/0	(nr.272.3)	1 stk
Sáraþurrkur, sóttþreinsandi	(nr.10.30)	20 stk
Sáratöng, anatomísk, sæfð	(nr.418)	1 stk
Skæri ydd/ydd, bein, sæfð	(nr.424)	1 stk
Sprautunál 19G	(nr.288.1)	2 stk
Sprautunál 21G	(nr.288.2)	2 stk
Æðatöng, bogin, sæfð	(nr.442)	2 stk
Sogtæki	(nr.427)	1 sett
Scution equipment (manual pump)		
Sogendar, sæfðir	(nr.286)	2 stk
Súrefnisgjafartæki,	(nr.435)	1 sett
Oxygen resuscitator kit		
Kokrenna Nr. 1	(Nr.238.1)	1 stk
Kokrenna Nr. 3	(Nr.238.2)	1 stk
Koktöng (Magill)	(Nr.410)	1 stk
Súrefnismaski 35%	(Nr.290)	2 stk
Vökvagjafabúnaður:	1 sett	0 2 3
Intravenous kit:		
Innrennslissett,	(nr.236)	2 stk
Plastsprauta, 10 ml	(nr.250.3)	2 stk
Plástur fyrir æðaleggi	(nr.260)	5 stk
Saltvatn, innrennslislausn, 1000 ml	(nr.07.20)	2 stk
Sáraþurrkur, sóttþreinsandi.	(nr.10.30)	20 stk
Sprautunál, 19 G	(nr.282.1)	1 stk
Stasi	(nr.432)	1 stk
Sæft vatn 10 ml	(nr.15.20)	1 stk
Æðaleggur, 18 G	(nr.288)	5 stk
Þvagtökubúnaður	1 sett	0 1 1
Urine catheterization kit		
Gaskompressur, sæfðar	(nr.236.1)	5 stk
Gatastykki, sæft	(nr.238)	1 stk
Gúmmihanskar, nr.8	(nr.244.2)	1 stk
Lídókaín, hlaup, 20 ml	(nr.12.30)	1 stk
Saltvatn, skolvökvi, 160 ml	(nr.10.20)	1 stk
Þvagleggur, 16F	(nr.294)	1 stk
Þvagpoki m. aftöppunarkrana	(nr.296)	1 stk

Viðauki B**LYFJAKISTA NR. 4**

Lyfjakista nr. 4 er ætluð í björgunarbáta, björgunarfleka og gúmmíbjörgunarbáta. Í þessum björgunarförum skal vera ein slík lyfjakista fyrir hverja 8 menn, sem ætlað er rúm fyrir. Beri björgunarfarið fleiri menn skal það hafa jafngildi tveggja lyfjakista nr. 4. Hver lyfjapakking skal áletruð upplýsingum um ábendingu um skömmtun lyfsins á íslensku og ensku.

1. Lyf - Medicaments

Sjóveikilyf

Koffínátín, töflur (nr.09.10) 4 x 30 stk

(Each tablet contains: Diphenhydraminum INN, Hydrochloridum 50 mg and Coffeinum NFN 50 mg)

Skammtar: 1 tafla 1-3svar á sólarhring.

Dosage: Seasickness tablets, 1 tablet 1-3 times daily

Verkjastillandi lyf

Kodimagnyl, töflur (nr.03.20) 8 x 20 stk

(Each tablet contains: Acidum acetylsalicylicum NFN 500 mg, Codeini phosphas hemihydricus 9.6 mg and Magnesii hydroxidum ponderosum 103 mg)

Skammtar: 1-2 töflur í senn, 1-3svar á sólarhring.

Dosage: Analgesic, 1-2 tablets 1-3 times daily

2. Hjúkrunargögn og áhöld - First Aid Requisites, etc.

Crepebindi (nr.214.2) 10 cm breidd 4 rúllur

Crepe bandage

Fetill (nr.218) 2 stk

Triangular arm sling

Heftiplástur (nr.256.1) 5 m x 2,5 cm 1 rúlla

Adhesive plaster

Sáraböggull, sæfð (nr.274.2) Nr. 15 10 stk

First-aid dressing, sterile

Skyndiplástur (nr.260.2) 1 m x 6 cm 1 pk

First-aid plaster

Skæri, sljó, bein 13 cm 1 stk

Scissors, blunt, straight

3. STUTT LEIÐSÖGN Í SKYNDIHLJÁL.

Blætt getur úr sárum og ígerð komið í þau. Búið um sár með sáraböggli. Ef enn blæðir má setja þrýstiumbúðir með því að skjóta litlum hlut úr málmi, eldspýtnastokk eða öðru, sem handbært er, undir annan sáraböggul en látið þann fyrri óhreyfðan. Fylgist með að umbúðirnar hindra ekki um of að blóðrás.

Búið um brunasár eins og fyrir segir. Gefið hinum slasaða vatn að drekka en þó lítið magn í einu.

Beinbrot skal hreyfa sem minnst. Nota má t.d. árar sem spelkur og skal þá stífa á milli liðamóta. Brotinn fótlegg má stífa við hinn fótlegginn. Við handleggsbrot má stífa handlegginn við brjóstið með fatla.

Hinn slasaði getur fengið lost. Einkenni um lost eru: grábleikur hörundslitur, kalt og þvált hörund, skjálfti, þorsti og hraður hjartsláttur. Beri þetta við skal leggja hinn slasaða í læsta hliðarlegu. Hinum slasaða má gefa vatn í litlu magni með nokkru millibili. Ef mikið vatn er gefið, er hætt við uppköstum.

Alltaf skal meðhöndla sjúkling eins og um bakmeiðsli sé um að ræða. Hlúið vel að slösuðum og verjið þá gegn vossbúð og kulda (munið varmapokana). Ef báturinn er hannaður með tvöföldum uppblásanlegum botni, munið þá að blása upp botninn.

Viðauki C.**SJÚKRAKASSI****LYF:**

Parasetamóltöflur	(nr.03.30)	2 x 20 stk
Saltvatn 0,9% skolvökvi	(nr. 10.20)	1 x 160 ml

UMBÚÐIR OG ÁHÖLD:

Augnbaðglas, einnota	(nr.200)	2 stk
Flísatöng	(nr.404)	1 stk
Sáraböggull Nr. 14, sæfð	(nr.274.1)	4 stk
Sáraböggull Nr. 15, sæfð	(nr.274.2)	4 stk
Skyndiplástur 1 m x 6 cm	(nr.260.2)	1 pk
Skyndiplástur ca 25 stk.	(nr.262)	1 pk
niðurklíptur		
Heftiplástur 5 m x 2,5 cm	(nr.256.1)	1 rúlla
Skæri, bein, sljó/ydd, 13 cm	(nr.428)	1 stk.

Nr. 305

16. júní 1989

SAMÞYKKT**um hundahald í Reykjavík.****1. gr.**

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Borgarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í Reykjavík undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi, þar sem sérinngangur fylgir íbúðum, þarf samþykki allra íbúðaeigenda.
- Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til borgarsjóds og setur borgarstjórn árlega gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan 2ja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.
- Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartrygðan og getur borgarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.
Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- Hundar skulu færðir til hreinsunar í október – nóvember ár hvert. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt skráningar-númer hundsins og símanúmer eiganda hans.
Einnig skal við ólina festa merki, sem sýna að leyfisgjald hafi verið greitt og hundur